

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

884. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 26. október 2015 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Fundinn sátu:

Unnur Valborg Hilmarsdóttir aðalmaður, Elín Jóna Rósinberg aðalmaður og Elín R. Líndal aðalmaður.

Embættismenn:

Guðný Hrund Karlsdóttir sveitarstjóri

Guðrún Ragnarsdóttir sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs

Fundarritari:

Guðrún Ragnarsdóttir.

Afgreiðslur:

1. **Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar SSNV frá 30. september sl.**
2. **Lögð fram til kynningar fundargerðir Róta frá 23 september og 6. október sl.**
3. **Lögð fram til kynningar fundargerð aðildarfélagi Róta bs. á félagsþjónustusvæðum Húnaþings vestra, Austur Húnavatnssýslu og Skagafirði frá 14. október sl.**
4. **Lögð fram til kynningar fundargerð Minjaráðs frá 6. október sl.**
5. **1510053 Lagt fram til kynningar bréf Mennta- og menningarmálaráðuneytisins dags 7. október sl, þar sem fram kemur að þann 16. nóvember nk verður fagnað í tuttugasta sinn Degi íslenskrar tungu, fæðingardegi Jónasar Hallgrímssonar. Sveitarfélög eru hvött til þess að hafa íslensku alveg sérstaklega í öndvegi þann dag. Samþykkt að vísa erindinu til forstöðumanns safna og skólastjórnum grunnskóla og leikskóla.**
6. **1509051 Lagt fram til kynningar bréf Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins frá 20. október sl. þar sem fram kemur að Hvammstanga hefur verið úthlutað 70 þorskígildistönnum af byggðakvóta fiskveiðisins 2015/2016. Frestur til að skila inn óskum um sérreglur er til 10. nóvember nk. Lögð fram eftirfarandi tillaga „Byggðarráð Húnaþings vestra samþykkir eftirfarandi reglur um úthlutun 70 þorskígildistónna byggðakvóta á fiskveiðiarinu 2015/2016. Ákvæði reglugerðar nr. 605/2015 gilda með eftirfarandi viðaukum/breytingum:**
 - a) 80% af byggðakvóta Húnaþings vestra verður skipt milli þeirra fiskiskipa sem gerð eru út frá Hvammstanga og fengið hafa úthlutun samkvæmt reglugerð nr. 675/2009 vegna aflagrests á rækju í innanverðum Húnaflóa og uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 605/2015, um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2015/2016. Skipting þessara 80% byggðakvóta Húnaþings vestra til ofangreindra skipa skal miða við meðaltal landaðs afla í Hvammstangahöfn sl. þrjú fiskveiðiar í þorskígildum talið.

Viðmiðunarárin eru 3 síðustu fiskveiðiár, nú 2012/2013, 2013/2014 og 2014/2015.

- b) 20% af byggðakvóta Húnaþings vestra verður skipt milli þeirra fiskiskipa sem gerð eru út frá Hvammstanga og skal skipting þessara 20% byggðakvóta Húnaþings vestra miða við meðaltal landaðs afla í Hvammstangahöfn sl. þrjú fiskveiðiár, nú 2012/2013, 2013/2014 og 2014/2015.
- c) Vinnsluskylda samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 605/2015 er felld niður og því orðast 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar þannig: Fiskiskipum er skylt að landa innan byggðarlagsins afla sem nemur, í þorskígildum talið, tvöföldu magni þess aflamarks sem þau fá úthlutað ... o.s.frv.

Rökstuðningur/viðaukar/breytingar frá reglugerð 605/2015 er felast í tillögum Húnaþings vestra eru byggð á eftirfarandi:

- a) Í samræmi við tilmæli Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, sbr. bréf dags. 20. október 2015, er horft til mögulegrar verðmætaaukningar og atvinnusköpunar sem hafa má af byggðakvóta og því að megintilgangur byggðakvótans sé að stuðla að aukinni atvinnusköpun í byggðarlaginu.
- b) Rökstuðningur sveitarstjórnar er sá að í byggðarlaginu er engin bolfiskvinnsla.

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt. Sveitarstjóra falið að senda inn óskir um sérreglur.

- 7. **1510043 Lagt fram bréf Íbúðalánasjóðs** dags 8. október sl. þar sem sveitarfélaginu eru boðnar til kaups 3 íbúðir Íbúðalánasjóðs sem staðsettar eru í Húnaþingi vestra. Byggðarráð samþykkir að hafna tilboðinu, þar sem viðkomandi eignir uppfylla ekki þarfir sveitarfélagsins.
- 8. **Lagður fram til kynningar ársreikningur Reykjatanga ehf fyrir árið 2014. og ársskýrsla Skólalánabúðanna að Reykjum** fyrir skólaárið 2014/2015.
- 9. **Lagðir fram ársreikningar Húnaþings vestra fyrir árin 2013 og 2014.**
- 10. **1510035 Lagt fram til kynningar bréf Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélag Íslands** dags. 6. október sl. Í bréfinu kemur fram að ágóðahluti Húnaþings vestra árið 2015 er kr. 476.500.

Gert var fundarhlé til að vera við afhendingu peningagjafar til Tónlistarskóla Húnaþings vestra frá hjónunum á Tannstaðabakka Ólafar Ólafsdóttur og Skúla Einarssonar. Byggðarráð þakkar höfðinglega gjöf.

- 11. **Lagt fram fundarboð frá forsætisráðuneytinu** vegna fundar um mótun eigendastefnu fyrir þjóðlendur, sem haldinn verður föstudaginn 30. október nk kl 13:00 í Safnahúsinu Hverfisgötu 15 Reykjavík. Samþykkt að Elín R. Líndal verði fulltrúi Húnaþings vestra á fundinum og sveitarstjóri til vara.
- 12. **Lögð fram drög að samningi milli Húnaþings vestra og Farskólans-miðstöðvar** símenntunar á Norðurlandi vestra um eflingu endur- og símenntun á Norðurlandi vestra. Byggðarráð samþykkir að fela sveitarstjóra að skrifa undir samninginn.

13. **1510072 Lögð fram til kynningar skýrsla forstöðumanns safna** um stöðu safna í Húnaþingi vestra. Forstöðumaður safna Sólveig Hulda Benjamínsdóttir mætti til fundar við byggðarráð og fór yfir skýrsluna.
14. **1509103 Erindi frá Blindrafélaginu** sem vísað var til umsagnar sviðsstjóra fjölskyldusviðs á 881. fundi. Fyrir liggur rökstuðningur sviðsstjóra fjölskyldusviðs um að miðað við stöðu mála í dag sé ekki þörf að gera samning við Blindrafélagið um ferðaþjónustu, þar sem stuðst er við önnur sambærileg úrræði. Byggðarráð samþykkir rökstuðning sviðsstjóra og hafnar því erindi Blindrafélagsins.
15. **Lagðir fram minnispunktar vegna fyrirhugaðs útboðs á sorphirðu.**

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl.16:37

Unnur Valborg Hilmarsdóttir.

Elín Jóna Rósinberg.

Elín R. Líndal .

Guðný Hrund Karlsdóttir

Guðrún Ragnarsdóttir